Ed. **440. Frumvarp til laga** [168. mál]

um breyting á lögum nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun, og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. marz.)

1. gr.

Á árunum 1970—1971 er ríkisstjórninni heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárlögum til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 milljónum kr. í 3.5 milljónir króna og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 milljónum króna í 0.9 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.